69
18. júní

Auglýsing

um breyting á yfirsetukvennahjeruðum í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Norðuramtinu skulu yfirsetukvennaumdæmi í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu eptirleiðis vera þannig:

I. Húnavatnssýsla:

1. Vindhælishreppur.
2. Engihlíðarhreppur og Torfalækjarhreppur, að undanskildum bæjunum Reykjum, Orrastöðum, Hamrakoti, Beinakeldu, Kagaðarhóli og Smyrlabergi.
3. Bólstaðahlíðarhreppur.
4. Svínavatnshreppur, og bæirnir í Torfalækjarhreppi, sem undanskildir eru 2. umdæmi.
5. Áss- og Sveinstaðahreppar.
6. Þorkelshólshreppur að undanskildum bæjunum Kambhól, NeðriFitjum og Stórahvarfi, og Þverárhreppur útað Vesturhópshólum, að þeim bæ meðtöldum, samt bæirnir Þóreyjarnúpur, Vatnshóll og Efra og NeðraVatnshorn í Kirkjuhvammshreppi.
7. Þverárhreppur út frá Vesturhópshólum, kringum Vatnsnesfjall að Bergsstöðum í Kirkjuhvammshreppi, að þeim bæ meðtöldum.
8. Melstaðarprestakall.
9. Staðarbakkaprestakall ásamt bæjunum Kambhól, NeðriFitjum og Stórahvarfi í Þorkelshólshreppi.
10. Staðarhreppur.

II. Eyjafjarðarsýsla:

1.—7. Umdæmi verða hin sömu og auglýst eru í Stjórnartíðindunum B. 1889 bls. 150.
8. Umdæmið verður efri hluti Vallahrepps ofan að Hofsá og Grund.
9. Neðri hluti Vallahrepps að bæjunum Hofsá og Grund meðtöldum.
10. Þóroddsstaðahreppur.
11. Hvanneyrarhreppur, og
12. Grímsey.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 18. júní 1901.

Páll Briem.